



# Áveítan

11. tbl. 10. árgangur. Nóvember 2016

## Tónahátíð í Flóahreppi:

### Eyþór Ingi í Þingborg

–söngur, tónlist og eftirhermur–

Eyþór Ingi Gunnlaugsson söngvari og skemmtikraftur ætlar að skemmta Flóamönnum og nærsveitungum í Þingborg föstudagskvöldið 18. nóvember kl. 20:30. Eyþór Ingi er án efa einn af okkar fremstu söngvurum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð sem eftirherma. Á þessum viðburði flytur hann magnaða blönda af þessu tvennu og gott betur. Eyþór Ingi hefur farið sigurför um landið, einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni undanfarnar vikur og nú er röðin komin að Flóahreppi.

*Ekki láta þennan viðburð fram hjá þér fara,  
skelltu þér og skemmtu þér með okkur.*

Miðapantanir á tónleikana eru hjá Ingu í síma  
691-7082.

Finndu okkur á Facebook undir *Tónahátíð í Flóahreppi*

Húsið opnar kl. 20:30, miðaverð 2.500 kr.

Léttar veitingar seldar á staðnum.

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

Íðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

### Kæru íbúar

Tíminn flýgur áfram og teymir okkur á eftir sér, enn einn mánuðurinn floginn frá okkur og nýr að byrja. Hefðbundin verkefni við fjárhagsáætlunargerð og undirbúning næsta starfsárs framundan á næstu vikum hjá forstöðumönnum stofnana og sveitarstjórn í Flóahreppi. Mikilvægt er að vanda vel til verka við áætlanagerð og taka allar þekktar forsendur inn í reikninginn. Það skapar alltaf óvissu að hluti af framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, svokallað tekjujöfnunarframalag er ekki ákveðið endanlega fyrr en í lok viðkomandi fjárhagsárs þannig að það liggur enn ekki fyrir nú í lok október hvaða upphæð rennur til Flóahrepps fyrir árið 2016 og hefur það vissulega áhrif á áætlunargerð næsta árs líka. Full ástæða er því til þess að vera varkár og leita allra leiða til sparnaðar.

### Minnt er á hvatagreiðslur til íþróttalista- og tómstundaiðkunar.

#### Umsóknarfrestur er til 1. desember 2016.

Eins og undanfarin ár veitir Flóahreppur hvatagreiðslur til íþróttalista- og tómstundaiðkunar. Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslna eru eftirfarandi: Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6 - 18 ára sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur.

Skilyrt er að um sé að ræða skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar, skátastarf og einkatíma í tónlistarnámi sem ekki er þegar niðurgreitt af Flóahreppi.

Tónlistarnám sem niðurgreitt er af Flóahreppi og líkamsræktarkort falla ekki undir niðurgreiðslu æfingagjalda.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og **fyrir 1. desember fyrir hverja haustönn.**

Styrkir verða greiddir út eigi síðar en 15. júní og 15. janúar ár hvert.

Vinna við gerð aðalskipulags fyrir Flóahrepp stendur enn yfir. Í nóvember verður boðað til samráðsfundar með skipulagsráðgjöfum og formönnum félaga í landbúnaði. Í janúar er gert ráð fyrir kynningu á tillögu að aðalskipulagi á íbúafundi. Sveitarstjórn staðfestir tillöguna að lokinni yfirferð athugasemda íbúafundarins og sendir síðan í lögbundið auglýsingaferli.

Sveitarstjóri Flóahrepps

### **Glímufréttir:**

Fyrsta mót vetrarins fór fram laugardaginn 29. október á Hvolsvelli. Þetta var Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri. Melkorka Álfðís Hjartardóttir var eini keppandi Umf. Þjótanda á mótinu en hún gerði sér lítið fyrir og hampaði Íslandsmeistaratitli í flokki 10 ára stúlkna. Góður árangur hjá henni á sínu fyrsta móti.

Glímuæfingar eru á mánudögum frá 19:30 til 21:00 í Félagslundi. Þjálfarar eru Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson. Aðsókn á æfingar hefur verið góð í haust og hvetjum við alla áhugasama krakka á grunnskólaaldri að koma og reyna sig í glímuíþróttinni.

### **Basar í Þingborg 5. nóvember**

Munið basarinn, sem haldinn verður í Þingborg, laugardaginn 5. nóvember kl. 13.00-17.00.

*Öll innkoma rennur til kaupa á sérhæfðu sjúkrarúmi fyrir Skammtímavistun í Álftaríma 2, en rúmið kostar um eina milljón króna.*

Fjölbreytt vandað handverk verður til sölu, ásamt kökubasar og seldar verða vöflur og kaffi. Tekið verður við greiðslukortum.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps,  
Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps.

## UPPSKRIFTARHORNID

Ég vil þakka Stefaníu kærlega fyrir áskorunina. Þegar ég fer að hugsa hvaða uppskrift ég eigi að deila með ykkur, fæ ég valkvíða. Það er svo sem ekkert nýtt af nálinni að ég fái valkvíða þegar kemur að mat. Ég elska mat. Mig langar til þess að deila með ykkur einfaldri kjúklingauppskrift sem mínir braðlaukar ólust upp við:

Kjúklingabringum raðað í eldfast mót. Ofn hitaður í 200 gráður.

Sett saman í skál:

1 stór Libbys tómatsósa

1–3 tsk pipar eftir því hversu sterkur rétturinn á að vera en ég nota 1–1½ tsk.

2-3 tsk karrý

1 tsk salt

Kryddinu blandað vel saman út í tómatsósuna – helt svo yfir kjúklingabitana.

Því næst sett inní ofn í 20 mín. Því næst er 1/2 lítra af rjóma helt yfir og ausið reglulega yfir næstu 30 mín. Borið fram með hrísgrjónum og smábrauðum.

Verði ykkur að góðu.

Ég vil næst skora á Katrínu Ástráðsdóttur á Austurbæ. Hún hefur örugglega einhverja góða uppskrift til að deila með okkur.

Með bestu kveðju

Sandra Dís í Jaðarkoti.

## Fréttir af fundi um þorablót í Þingborg

19. október síðastliðinn var haldinn íbúafundur á vegum ungmennafélagsins um framtíð þorablótsins í Þingborg. Á fundinn mættu 13 manns og áttu góðar samræður um þorablótið og hvernig best sé að standa að því nú þegar Umf. Baldur er ekki lengur starfandi. Stjórn Umf. Þjótanda hafði fyrir fundinn velt því fyrir sér hvort ekki væri gott að Hraungerðishreppingar tækju að sér framkvæmd þorablótsins á svipaðan hátt og gert er í öðrum hlutum Flóahrepps. Það fyrirkomulag gæti hentað vel nú þegar eitt ungmennafélag er starfandi í sveitinni

og óeðlilegt að það félag standi að viðburði af þessari stærðargráðu fyrir aðeins hluta sveitunga. Þær hugmyndir voru fljótt slegnar útaf borðinu og flestir fundarmenn sammála um að það væri ekkert óeðlilegt við að Umf. Þjótandi héldi áfram að halda þorablótið. Helstu rök fyrir því voru að undirbúningur þorablótsins hefur í gegnum tíðina verið unglíngum sveitarinnar góður skóli og auk þess ágætis fjáröflun fyrir félagið.

Málið var tekið fyrir á stjórnarfundum félagsins í lok mánaðarinnar og ákveðið var út frá umræðum íbúafundarinnar að innan félagsins yrði stofnuð sérstök deild um þorablótið í Þingborg. Deildin myndi hafa sér fjárhag. Stofnfé þeirrar deildar yrði sá peningur sem eyrnamerkur var framkvæmd þorablótsins á síðasta aðalfundi Umf. Baldurs. Í stjórn þessarar deildar munu sitja þrjú aðilar úr gamla Hraungerðishreppi og þeir munu sjá um allar stórar ákvarðanir í undirbúningi blótsins. Áfram munu unglíngar úr sveitinni koma að skemmtiatriðum og matarundirbúningi og verður þátttaka í þorablótsundirbúningnum opin öllum ungmönnum í Flóahreppi en ekki skorðuð við Hraungerðishreppinn sérstaklega. Vonandi mun starf Þorablótsdeildar Umf. Þjótanda verða farsælt og þorablót í Þingborg lengi lifa.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður Umf. Þjótanda

### **Langar ekki einhvern að sitja í Þorablótsnefnd Umf. Þjótanda?**

*Óskað er eftir 2 einstaklingum sem myndu vilja taka sæti í framkvæmdanefnd þorablóts í Þingborg.*

Þeirri nefnd er falið að sjá um skipulagningu og framkvæmd þorablóts í Þingborg. Nefndin hefur sjálfstæðan fjárhag og vinnur algjörlega sjálfstætt að því að halda þorablót án afskipta stjórnar Umf. Þjótanda. Þeir sem sitja í þessari nefnd eru ekki skuldbundnir til að koma að því að setja á svið annál en allt annað sem lítur að því að skipuleggja gott þorablót er á hennar könnu s.s. að ráða hljómsveit, skipuleggja matarmál og margt fleira.

Þeir sem sýna þessu áhuga eru beðnir um að hafa samband við Baldur Gauta í síma 867-3538.

## ***Pistillinn***

*Sæl verið þið! Ég tek áskorun frá nágranna mínum honum Óla í Austurbænum að skrifa þennan pistil.*

Margir vita af við Cathy erum með ferðamannafjórðingum en vita kannski ekki nákvæmlega hvað við erum að gera þegar við tökum á móti fólki eða af hverju við erum að þessu.

Hugmyndin kviknaði þegar ég var í LBHÍ á Hvanneyri í heimsókn á Bjarneyjarsandi en þar er tekið á móti skólabörnum og ferðamönnum í fjórðingum. Fannst mér þarft og nauðsynlegt að gefa fólki sem á ekki beina tengingu við sveitina tækifæri að hitta bændur og kynna landbúnaðinum og sérvisku íslenskra bænda.

Gestir sem mæta í fjórðingunum hjá okkur koma úr öllum áttum. Allt frá leikskólum, eldri borgurum, bændaferðum alls staðar að, óvissuferðum, steggjunum/gæsapartýum, brúðkaupsferð frá Bandaríkjunum til læknahóps frá Þýskalandi. Margar skemmtilegar umræður hafa sprottið upp og eigum við víða heimboð.

Klassísk heimsókn byrjar á því að bjóða fólkið velkomið og svo segi ég frá búskapnum okkar m.a. að við erum með upb. 400 kindur, 20 hross og erum að byggja fyrsta áfangann á fjósi fyrir geldneyti. Cathy kom til Íslands 2011 sem vinnukona hjá pabba, hún hélt að hún hefði snúið aftur til Íslands ári seinna vegna hrossanna sinna en ég tek það allt á mig (allavega segi ég það sjálfur!). Ég segi frá æskuminningum mínum og frá fyrstu minningum mínum þegar ég fór með afa út að gefa í fjórðingunum. Það stóð sem sagt aldrei annað til en að verða bóndi. Eftir að ég er búin að segja gestunum frá starfsári sauðfjárbóndans, fer ég yfir afurðamál svo sem styrkjakerfið, gæðastýringu, landsmeðaltöl og síðan ræðum við öll heimsins mál yfir kaffibollanum.

Með þessu langar okkur að kynna fyrir fólki starf okkar og hugsjónir, útskýra fyrir því (skiptir ekki máli hvort það er Íslendingar eða erlendir ferðamenn) að kjöt er ekki bara kjöt og að fólk fái að viti hvað það er að kaupa og hvaða ferli stendur á bak við steikina. Við erum sem sagt ekki dýragarður. Hjá okkur fær fólk tækifæri til að hitta bændurna sjálfa - *Meet the farmer* er okkar boðskapur.

Mig langar að skora á góða vinkonu okkar, Aldísi á Stóru-Reykjum að skrifa næsta pistil.

Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti

## Allar konur í gamla Gaulverjabæjarhreppi, A.T.H.

26.11.2016 verður haldið í hina árlegu, stórskemmtilegu og ómissandi menningarferð Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps.

Farið verður af stað kl. 12:30 frá Félagslundi og brunað til höfuðborgarinnar, þar verður farið á svo sem eins og eitt safn til að uppfylla hámenningarþátt ferðarinnar, síðan rölt um miðbæinn (ef veður leyfir) og hver veit hvað við hnjótum um þar. Svo um kl. 17 heimsækjum við hina dulmögnuðu Sigríði Klingenberg og látum hana leiða okkur í sannleikann um það hverjar við í raun erum. Eftir að hafa komist að því og spádóma og spekuleranir frá hendi Sigríðar þá förum við á jólahlaðborð á Skrúð á Hótel Sögu og endum góðan dag á góðum mat. Ekki missa af þessari frábæru ferð sem er orðlögð fyrir skemmtilegheit og fjör.

Kostnaður við þessa liði (rúta, safn, Sigga Kling og jólahlaðborð) er ca. 12.000 kr. Þanta þarf í ferðina ekki seinna en 17. nóv. 2016 hjá:

Mögggu á Velli s: 846 9287,                      maggavelli@hotmail.com  
Herdís Seljatungu s: 8684277,              seljatun@simnet.is  
Ingibjörgu s: 8488079,                      ingamark8@gmail.com

### **Gegningamaður óskast**

Gegningamann vantar til starfa í Sölvholt sem fyrst. Gefa þarf bæði sauðfé og hrossum.

Upplýsingar gefur Jón í síma 482-1071.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Símaskráin komin á [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

Margumtöluð símaskrá Flóahrepps er nú komin á heimasíðu Flóahrepps. Fólk má gjarnan líta yfir hana og senda athugasemdir, ef einhverjar eru, til Fanneyjar á netfangið [fanneyo@emax.is](mailto:fanneyo@emax.is). Mikilvægt er að hafa hraðar hendur því skráin verður send í prentun 10. nóvember nk.

Ritnefnd Umf. Þjótanda

### Dagskrá mánaðarins

Basar kvenfélaganna	5. nóvember
Leiklistarnámskeið Umf. Þjótanda	5.-6. nóvember
Glímuæfing	7. nóvember
Æfing 8.-10. bekkur	8. nóvember
Æfing 5.-7. bekkur	9. nóvember
Glímuæfing	14. nóvember
Æfing 8.-10. bekkur	15. nóvember
Æfing 5.-7. bekkur	16. nóvember
Eypór Ingi í Þingborg	18. nóvember
Messa í Hraungerðiskirkju	20. nóvember
Glímuæfing	21. nóvember
Æfing 8.-10. bekkur	22. nóvember
Æfing 5.-7. bekkur	23. nóvember
Menningarferð Kvenfélags Gaulverjab.hr.	26. nóvember
Glímuæfing	28. nóvember
Æfing 8.-10. bekkur	29. nóvember
Æfing 5.-7. bekkur	30. nóvember
Sækja um hvatastyrki til Flóahrepps	30. nóvember

